

6. júní 2016

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar - apríl 2016 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri batnaði verulega á milli ára og var jákvætt um 27,1 ma.kr. samanborið við neikvætt handbært fé upp á 35,7 ma.kr. 2015. Þetta skýrist að stærstum hluta með tekjum af stöðugleikaframlagi á árinu 2016 sem námu 17 ma.kr. í janúar og 25 ma.kr. í mars. Handbært fé hækkar um 2,1 ma.kr. samanborið við lækkun um 48,6 ma.kr. á árinu 2015.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – apríl 2014-2016 (m.kr.)

	2014	2015	2016
Innheimtar tekjur	204.702	221.201	271.138
Greidd gjöld	194.017	216.976	230.904
Tekjujöfnuður	10.685	4.224	40.234
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-3.800	-39.959	-13.098
Handbært fé frá rekstri	6.885	-35.734	27.136
Fjárfestingahreyfingar	-6.408	3.151	-7.266
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	477	-32.584	19.870
Afborganir lána	-51.626	-43.504	-31.534
Innanlands	-26.852	-27.080	-26.241
Erlendis	24.774	-16.424	-5.293
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-51.149	-76.088	-11.664
Lántökur	27.859	27.457	13.778
Innanlands	27.859	25.035	13.778
Erlendis	0	0	0
Breyting á handbæru fé	-23.290	-48.631	2.114

Innheimtar tekjur fyrstu fjóra mánuði ársins voru 271 ma.kr. Að undanskildum tekjum af stöðugleikaframlagi voru innheimtar tekjur 229 ma.kr. Samkvæmt fjárlögum voru áætlaðar tekjur fyrir tímabilið 233 ma.kr. og útkoman því 38 ma.kr. umfram áætlun og þar af má rekja 25 ma.kr. frávik til hærri tekjufærslu stöðugleikaframlags á tímabilinu en áætlað var.

Tekjur ríkissjóðs jukust um tæplega 23% samanborið við fyrra ár. Þessi mikla aukning milli ára skýrist að hluta til af umfangsmiklum óreglulegum liðum, stöðugleikaframlagi og arði frá Landsbankanum, sem vega þungt í heildartekjum og bjaga samanburð á milli ára. Jafnframt greiddi ríkissjóður 2,8 ma.kr. í fjármagnstekjuskatt af arðgreiðslu Landsbankans, sem einnig flokkast sem óreglulegur liður. Samanlagt námu þessir liðir 59 ma.kr. Ef þeir eru undanskildir jukust tekjur ríkissjóðs um rúmlega 10% milli ára en sú aukning endurspeglar almennar launahækkunar og aukin umsvif í efnahagslífinu.



Tekjur ríkissjóðs janúar - apríl 2014–2016

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Skatttekjur og tryggingagjöld	172.508	184.909	204.071	9,0	7,2	10,4
Skattar á tekjur og hagnað	69.230	77.792	84.881	14,0	12,4	9,1
Tekjuskattur einstaklinga	41.698	42.804	52.215	7,8	2,7	22,0
Tekjuskattur lögaðila	12.758	16.296	15.248	46,8	27,7	-6,4
Skattur á fjármagnstekjur	14.774	18.692	17.418	10,7	26,5	-6,8
Eignarskattar	3.433	2.590	2.705	-4,6	-24,6	4,4
Skattar á vöru og þjónustu	72.443	75.841	85.144	6,8	4,7	12,3
Virðisaukaskattur	48.386	51.625	60.641	8,8	6,7	17,5
Vörugjöld af ökutækjum	1.279	1.706	2.556	7,4	33,4	49,8
Vörugjöld af bensíni	3.546	3.635	3.449	1,6	2,5	-5,1
Skattar á olíu	2.096	2.200	2.472	5,8	5,0	12,4
Áfengisgjald og tóbaksgjald	5.503	5.601	5.861	10,5	1,8	4,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	11.633	11.074	10.165	-0,9	-4,8	-8,2
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	1.730	1.619	1.462	-7,2	-6,4	-9,7
Aðrir skattar	2.554	2.695	2.251	4,6	5,5	-16,5
Tryggingagjöld	23.118	24.371	27.629	6,2	5,4	13,4
Fjárframlög	57	90	68	4,4	57,9	-24,2
Aðrar tekjur	32.055	36.202	66.998	102,3	12,9	85,1
Sala eigna	82	1	-	-	-	-
Tekjur alls	204.703	221.202	271.138	17,3	8,1	22,6

Tekjuskattur einstaklinga nam alls 52,2 ma.kr. og var 8% umfram áætlun fjárlaga. Frávikið skýrist einkum af launaþróun, en launavísitalan hækkaði um 12,2% að jafnaði á fyrstu fjórum mánuðum ársins sem er umtalsvert meira en áætlunin felur í sér. Tekjuskattur lögaðila nam 15,2 ma.kr. og var 10% undir áætlun en þar er um bráðabirgðainnheimtu að ræða. Fjármagnstekjuskattur nam 17,4 ma.kr. en 14,3 ma.kr. ef sá hluti sem greiddur er af ríkissjóði sjálfum er undanskilinn sem er 8% aukning milli ára.

Eignarskattar voru samtals 2,7 ma.kr. og 30% umfram áætlun. Þar af námu stimpilgjöld 1,5 ma.kr. sem er 29% aukning milli ára. Þessa miklu aukningu milli ára má rekja til vaxandi umsvifa á fasteignamarkaði.

Skattar á vöru og þjónustu jukust umtalsvert milli ára og námu alls 85,1 ma.kr. Þar af nam virðisaukaskattur (VSK) alls 60,6 ma.kr. og var 11,4% umfram áætlun. Aukning VSK milli ára var alls 17,5% að nafnvirði sem skýrist að mestu leyti af aukinni einkaneyslu og auknum umsvifum í ferðaþjónustu. Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað um 35% miðað við sama tímabil í fyrra og í kjölfarið hefur velta í gistiþjónustu og leigu bifreiða aukist mun meira en í öðrum greinum. Aukningin skýrist einnig af kröftugum vexti einkaneyslu landsmanna sem hefur m.a. komið fram í kaupum á ökutækjum en fjölgun nýskráðra bifreiða samkvæmt Samgöngustofu jókst um 65% milli ára. Vörugjöld af ökutækjum hafa því aukist til muna milli ára, eða um tæplega 50%, og námu alls 2,6 ma.kr. á tímabilinu.



Áfengis- og tóbaksgjald nam samanlagt 5,9 ma.kr. sem er 13% undir áætlun. Tvær kerfisbreytingar voru gerðar varðandi áfengisgjald síðustu áramót sem kunna að skýra frávik frá áætlun. Gjaldtímabili var breytt úr tveimur vikum í einn mánuð og áfengisgjaldið hækkað um rúmlega 20% samhliða lækkun VSK á áfengi. Hækkun áfengisgjalds fól í sér nokkra óvissu við mat á tekjuáhrifum þar sem áhrif hækkunarinnar voru mismunandi eftir tegundum áfengis. Áfengisgjald nam alls 4 ma.kr. sem er 8% aukning milli ára. Það endurspeglar bæði hækkun áfengisgjalds og 5,8% söluaukningu en vegna styttra sölutímabils að baki innheimtunni er hækkunin þó minni en ella. Tóbaksgjaldið nam alls 1,9 ma.kr. sem er 1,5% samdráttur milli ára. Með hliðsjón af tölum um tóbakssölu kemur samdrátturinn ekki á óvart, en sala á sígarettum var 6,7% minni en í fyrra.

Tollar og önnur aðflutningsgjöld námu 1,5 ma.kr. og drógust saman um 9,7% frá sama tímabili í fyrra. Samdráttinn má rekja til afnáms tolla af skóm og fatnaði um síðustu áramót.

Tryggingagjald nam 27,6 ma.kr. og var 4,6% umfram áætlun. Alls jókst innheimta tryggingargjalds um 13,4% milli ára sem endurspeglar almennar launahækkunarir á síðasta ári og í byrjun árs. Stofn tryggingagjalds, sem er góður mælikvarði á heildarlaunastofn landsmanna, jókst um 17,5% á fyrstu þremur mánuðum ársins.

Aðrar tekjur námu 67 ma.kr. og jukust verulega milli ára. Veigamiklir óreglulegir liðir falla þar undir, þar á meðal arður og stöðugleikaframlag. Stærsti einstaki liðurinn er stöðugleikaframlag sem nam samtals 42 ma.kr. Þar af voru 17 ma.kr. í stað þess bankaskatts sem áður var áætlað að lagður yrði á slitabúin auk 25 ma.kr. sem var ráðstafað til innborgunar á skuldabréf Seðlabanka Íslands. Næst stærsti einstaki liðurinn var arður frá Landsbankanum sem greiddur var í lok apríl. Hann nam 14,1 ma.kr. og er fyrri greiðslan af tveimur, en önnur jafnhá greiðsla er væntanleg í september.

Greidd gjöld námu 230,9 ma.kr. og jukust um 13,9 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 6,4%. Ef litið er til áætlunar þá eru gjöld tímabilsins um 2,5% undir áætluðum útgjöldum. Yfirlit yfir þróun útgjalda til einstakra málaflokka er að finna hér á eftir.

Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar - apríl 2014–2016

	Milljónir kr. á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Fjármagnskostnaður	28.005	27.816	28.627	20,1%	-0,7%	2,9%
Almenn opinber þjónusta	16.900	16.773	18.618	9,0%	-0,8%	11,0%
Almannatryggingar og velferðarmál	43.533	44.277	47.061	3,1%	1,7%	6,3%
Heilbrigðismál	43.829	48.295	52.873	5,1%	10,2%	9,5%
Efnahags- og atvinnumál	18.370	34.711	35.185	15,5%	89,0%	1,4%
Menntamál	19.304	20.104	22.388	-0,8%	4,1%	11,4%
Menningar- og félagsmál	6.623	6.366	7.089	5,6%	-3,9%	11,4%
Lög- og réttargæsla	7.010	6.921	7.858	-2,7%	-1,3%	13,5%
Önnur útgjöld	10.443	11.714	11.205	76,1%	12,2%	-4,4%
Gjöld alls	194.017	216.976	230.904	9,3%	11,8%	6,4%



Almenn opinber þjónusta hækkar um 1,8 ma.kr. milli ára eða 11% en er 1,1 ma.kr. undir áætlun tímabilsins. Þar af eru útgjöld fasteigna ríkissjóðs sem hækka um 0,8 ma.kr. frá fyrra ári og almenn fjárframlög til sveitarfélaga sem hækka um 0,7 ma.kr.

Efnahags- og atvinnumál námu um 35,2 ma.kr. og jukust um 1,4% frá fyrra ári sem er um 2,7 ma.kr. undir áætluðum útgjöldum. Stærstu frávik frá áætluðum útgjöldum eru vegna samgöngumála sem eru um 1,7 ma.kr. undir áætlun og lækka um 0,6 ma.kr. á milli ára.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 52,9 ma.kr. og jukust um 4,6 ma.kr. milli ára eða um 9,5%, sem er hækkun um 0,9% frá áætlun. Megin skýring á aukningu milli ára eru útgjöld vegna sjúkrahúspjónustu sem jukust um 2,2 ma.kr., sem er 5,8% yfir áætluðum útgjöldum. Þar er veigamesti liðurinn rekstur Landspítala háskólasjúkrahúss sem eykst um 1,5 ma.kr. milli ára. Útgjöld til heilsugæslu hækka um 1,4 ma.kr. frá fyrra ári og er stærsta skýringin sú að útgjöld sjúkratrygginga aukast um 0,7 ma.kr. frá fyrra ári.

Útgjöld til menntamála námu 22,4 ma.kr. á tímabilinu og hækkuðu um 2,3 ma.kr. eða 11,4% milli ára sem er 2,8% lægra en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Almannatryggingar og velferðarmál nema 47,1 ma.kr. og aukast um 2,8 ma.kr. eða 6,3%. Framlög til aldraðra aukast um 1,6 ma.kr. Þar af aukast lífeyristryggingar um 1,7 ma.kr. eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Örorkubætur aukast um 1,6 m.kr. milli ára.

Önnur útgjöld lækka um 0,5 ma.kr. á tímabilinu, helstu útgjaldaliðir eru fjármagnstekjuskattur sem nam 3,7 ma.kr. sem er lækkun um 1,7 ma.kr. frá fyrra ári og lífeyrisskuldbindingar sem námu 5,1 ma.kr. og hækkuðu um 1,1 ma.kr. á milli ára.



Nánari skiptingu kostnaðar á málaflokka má sjá í eftirfarandi töflu:

Útgjöld einstakra málaflokka – frávik milli ára janúar - apríl 2015–2016

	Milljónir króna á verðlagi hv. árs		Br. frá fyrra ári
	2015	2016	%
Æðsta stjórnýsla og löggjafarvald	1,308	1,523	16,5
Fjármálastjórnýsla ríkisins	3,465	3,652	5,4
Utanríkismál	3,568	3,333	-6,6
Önnur almenn opinber þjónusta	2,628	3,564	35,6
Fjármagnskostnaður	27,816	28,627	2,9
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	5,804	6,547	12,8
Almenn opinber þjónusta	44,589	47,245	6,0
Lög- og réttargæsla	6,921	7,858	13,5
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	2,123	2,283	7,5
Landbúnaðarmál	4,603	5,469	18,8
Samgöngumál	7,213	6,576	-8,8
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	1,46	2,049	40,4
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	15,91	15,257	-4,1
Önnur efnahags- og atvinnumál	3,402	3,55	4,4
Efnahags- og atvinnumál	34,711	35,185	1,4
Lyf og lækningavörur	5,78	6,518	12,8
Heilsugæsla	9,874	11,276	14,2
Sjúkrahúsþjónusta	21,559	23,756	10,2
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	9,516	9,761	2,6
Heilbrigðiseftirlit og stjórnýsla	1,566	1,561	-0,3
Heilbrigðismál	48,295	52,873	9,5
Menningarmál	2,876	3,204	11,4
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	3,49	3,885	11,3
Menningar- og félagsmál	6,366	7,089	11,4
Framhaldsskólastig	7,342	8,21	11,8
Háskólastig	11,415	12,484	9,4
Önnur menntamál	1,348	1,695	25,8
Menntamál	20,104	22,388	11,4
Örorka og fötlun	11,362	13,005	14,5
Öldrun	16,283	17,887	9,9
Fjölskyldur og börn	9,415	8,935	-5,1
Atvinnuleysi	4,455	4,008	-10,0
Vaxtabætur	209	115	-44,9
Önnur trygginga- og velferðarmál	2,553	3,11	21,8
Almannatryggingar og velferðarmál	44,277	47,061	6,3
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	4,032	5,082	26,0
Fjármagnstekjuskattur	5,428	3,7	-31,8
Annað	2,254	2,423	7,5
Önnur útgjöld	11,714	11,205	-4,4
Gjöld alls	216,976	230,9	6,4



Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður tímabilsins var jákvæður um 19,8 ma.kr. en á sama tímabili í fyrra var hann neikvæður um 32,5 ma.kr. Afborganir lána námu 31,5 ma.kr. til samanburðar við 43,5 ma.kr. á síðasta ári. Innlendar afborganir námu 26,2 ma.kr. og má stærstan hluta rekja til innborgunar inn á skuldabréf Seðlabanka Íslands, 25 ma.kr. Erlendar afborganir námu 5,2 ma.kr. en í janúar var á gjalddaga lán í breskum pundum frá árinu 1981. Lántökur tímabilsins innanlands námu 13,7 ma.kr. til samanburðar við 27,4 ma.kr. á sama tímabili 2015. Engar erlendar lántökur voru á tímabilinu.